

Dalvíkurbyggð 24. mars 2015

## **Kæru foreldrar/forráðamenn barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2015**

Í Dalvíkurbyggð starfa tveir skólar á grunnskólastigi, Árskógarskóli (1. – 7. bekkur auk leikskólastigs) og Dalvíkurskóli (1. – 10. bekkur). Skólaakstur er í boði milli þéttbýliskjarnanna svo mögulegt er að barn frá Dalvík sækji skóla í Árskógi og öfugt. Þar sem valið er ykkar biðjum við ykkur góðfúslega að innrita barnið í annan hvorn skólann fyrir 15. apríl.

Innritun nýrra nemenda fer nú fram í gegnum rafræn eyðublöð á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Vinsamlega farið á íbúagáttina á slóðinni <http://min.dalvikurbyggd.is> til að innrita nemendur í skólann.



Til að skrá sig inn á íbúagáttina þarf notandi að hafa Íslykil. Hafir þú ekki Íslykil getur þú sótt um hann [hér](#).

Starfsfólk skólanna veitir nánari upplýsingar og aðstoð ef með þarf. Hægt er að hringja í skólastjóra Árskógarskóla í síma 460-4971 eða senda tölvupóst á [gunnthore@dalvikurbyggd.is](mailto:gunnthore@dalvikurbyggd.is).

Hægt er að hringja í Dalvíkurskóla í síma 460-4980 eða senda tölvupóst á netfangið [ritari@dalvikurbyggd.is](mailto:ritari@dalvikurbyggd.is).

Virðingarfyllt,

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson  
skólastjóri Árskógarskóla

Gísli Bjarnason  
skólastjóri Dalvíkurskóla

<http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/> <http://dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli/>